



GRINDAVÍKURBÆR

Áhersluverkefni atvinnuteymis

Umræðuskjal - Rætt í bæjarstjórn 5. apríl og í samráðshópi fyrirtækja 9. apríl 2024.

Verkefnaáætlun fyrir apríl og maí 2024

Til að stuðla að sem bestum árangri og yfirsýn er hér leitast við að skipa helstu viðfangsefnum á sviði atvinnumála í afmörkuð skilgreind verkefni, tilgreina tímaramma, þátttakendur og ábyrgðaraðila hjá Grindavíkurbæ. Eftir atvikum mun einstökum verkefnum ljúka með niðurstöðu, verkefnum skipt upp eða þeim hætt. Skjalinu er ætlað að vera lifandi þannig að ný verkefni geti bæst við þegar tilefni er til.

Auk umsjónar með tilteknum verkefnum á vegum atvinnuteymis annast teymið samskipti við utanaðkomandi aðila um atvinnumál í Grindavík. Má þar nefna ráðuneyti, önnur sveitarfélög, einstök fyrirtæki og ráðgjafa.

Helstu verkefni í apríl og maí:

1. Upplýsingamiðlun um atvinnumál til fyrirtækja í Grindavík

Mikilvægt er að öll fyrirtæki í Grindavík hafi greiðan aðgang að almennum upplýsingum um allt það sem varðar stöðu fyrirtækja í Grindavík, þ.á m. um:

- ✓ úrræði í boði,
- ✓ vinnu við að bæta stöðu fyrirtækjanna,
- ✓ möguleika til áframhaldandi starfsemi í bænum og réttindi sem fyrirtækin hafa eða munu öðlast.

Upplýsingum verði miðlað með opinberri birtingu á vefsíðu bæjarins grindavik.is, almennum fundum með fyrirtækjum, opinberri umfjöllun í fjölmiðlum eða öðrum hætti sem hentar hverju sinni.

Án tímamarka

Samstarfsaðilar: Atvinnuteymi Grindavíkurbæjar, samráðshópur fyrirtækja í Grindavík, upplýsingafulltrúi Grindavíkurbæjar.

Ábyrgð: Atvinnuteymi/Upplýsingateymi

Staða: Í vinnslu

2. Aðgangur að atvinnuhúsnæði tryggður

Miklar skemmdir eru á húsum, götum og lóðum í Eyjabakkahverfinu og umhverfi er ótryggt. Sama á við um einstök hús eða húshluta í öðrum hlutum bæjarins. Í mörgum húsanna er takmarkað aðgengi vegna sprungna en þörf á að nálgast



GRINDAVÍKURBÆR

verðmæti eða komast í tæki til að hefja rekstur eða flytja starfsemi annað. Á meðan eigendur hafa ekki umráð og aðgang geta þeir ekki hafið rekstur eða lágmarkað tjón sitt. Hætta er á að ef lausafjármunir skemmast við þessar aðstæður fáist þeir ekki bættir. Í einhverjum tilvikum geta mál tafist vegna lagalegrar óvissu.

Tímarammi: Þarf að vinnast hratt og stefnt að því að ljúki fyrir 30. apríl 2024.

Samstarfsaðilar: Auk umráðamanna húsa og fyrirtækja á svæðinu komi að þessu öryggisstjórar í Grindavík, NTÍ og umhverfis- og skipulagssvið bæjarins.

Ábyrgðaraðili: Atvinnuteymi

Staða: Í undirbúningi

3. Grindavíkurhöfn

Grindavíkurhöfn er lífæð sjávarútvegs og tengds atvinnurekstrar. Einnig veitir höfnin tækifæri tengd ferðaþjónustu.

Mikilvægt er að höfnin sé opin og þjónusta tryggð þeim sem vilja og geta gert út frá Grindavík. Samtal er hafið við Vegagerðina um aðgerðir til að bregðast við landssigi. Mikil tekjuskurðing hafnarinnar vegna náttúruhamfara má ekki leiða til þess að fyllsta öryggis verði ekki gætt í rekstrinum. Gert er ráð fyrir að það verði í forgangi að tryggja gott ástand innviða á hafnarsvæðinu.

Án tímamarka

Samstarfsaðilar: Vegagerðin, HS Veitur, NTÍ.

Ábyrgð: SAK

Staða: Í vinnslu.

4. Trygging afurða

Sjávarútvegur og fiskvinnsla er umsvifamikil í Grindavík og eins og önnur matvælaframleiðsla viðkvæm fyrir skyndilegum breytingum. Í umhverfi náttúruhamfara er líklegt að til fyrirvaralausra rýminga geti komið. Við þær kringumstæður getur þurft að skilja afurðir eftir þannig að þær geti skemmst. Þegar eitthvað dregur úr óvissu má bjarga verðmætum en ef það er ekki möguleiki þurfa fyrirtækin að hafa aðgang að tryggingum. Við óbreyttar aðstæður í Grindavík verður slíkt ekki í boði.

Unnið er að því með stjórnvöldum að útfæra nánar fyrirkomulag trygginga.

Tímarammi: 30. apríl 2024.

Samstarfsaðilar: Starfshópur stjórnarráðsins um atvinnumál, fyrirtæki í Grindavík.

Ábyrgð: SBS



GRINDAVÍKURBÆR

Staða: Í vinnslu

5. Veitustarfsemi

Áreiðanleg og skilvirk starfsemi veitna er grundvöllur þess að atvinnustarfsemi fái þrífist. Grindavíkurbær rekur vatnsveitu og fráveitu og kappkostar að halda þeim innviðum í lagi. Varanlegar viðgerðir munu í flestum tilvikum þurfa að bíða um sinn en markmið þarf að vera að viðgerðir sem ráðist er í nýtist sem best til framtíðar. Leysa þarf úr álitæfnum gagnvart NTÍ og tryggja samstarf við veitur í eigu annarra en Grindavíkurbæjar. Jafnframt þarf að fara fram samtal við Þórkötlun og fleiri aðila sem hagsmunir hafa af því að veitur starfi með eðlilegum hætti árið um kring.

Tímarammi: Langtímaverkefni en leitast verður við að skilgreina áfanga á næstu vikum og mánuðum.

Samstarfsaðilar: HS Veitur, fjarskiptafyrirtæki, NTÍ, Þórkátla.

Ábyrgð: AGJ

Staða: Í vinnslu

6. Raforkuöryggi

Fyrirtæki kalla eftir hringtengingu til að auka raforkuöryggi. Þetta á bæði við um fyrirtæki innan Grindavíkur og í dreifbýli, t.d. fiskeldisfyrirtækin.

Tímarammi: Sem fyrst.

Samstarfsaðilar: HS Veitur, HS Orka, Landsnet

Ábyrgð: Bæjarstjóri

Staða: Í undirbúningi

7. Öryggisáætlanir fyrirtækja

Til að tryggja öryggi rekstrar og starfsmanna er brýnt að fyrirtæki setji sér öryggisreglur sem fari saman við gæðakerfi þeirra, ef við á. Slíkar reglur verði kynntar lögreglufirvöldum. Markmið verði að auka vissu um að fyrirtæki setji öryggismál í sínum atvinnurekstri í forgang og tryggi þannig öryggi starfsfólks og viðskiptavina.

Tímarammi: 30. apríl 2024

Öryggisstjórar einstakra fyrirtækja, öryggisstjóri í Grindavík, lögreglan á Suðurnesjum.

Ábyrgð: SBS

Staða: Í vinnslu



8. Fjárhagslegur stuðningur við fyrirtæki

Nú þegar hafa verið samþykkt lög sem heimila fjárhagsstuðning við einstök fyrirtæki sem hafa orðið fyrir tekjutapi af völdum náttúrhamfara. Ljóst er að sá stuðningur nýtist ekki nema hluta fyrirtækja. Nú stendur yfir vinna starfshóps fjögurra ráðuneyta og mun atvinnuteymi vera starfshópnum innan handar um upplýsingar um stöðu fyrirtækja. Markmið verði að stuðningsaðgerðir nýtist sem flestum fyrirtækjum og taki mið af ólíkri stöðu þeirra.

Að auki er mikilvægt að fyrirtækjum sé bætt tjón á eignum sem þau hafa orðið fyrir og ekki er bætt af Náttúruhamfaratryggingum.

Tímarammi 31. maí 2024

Samráðshópur stjórnarráðsins

Ábyrgð: SBS/GB

Í vinnslu

9. Fjölgun fyrirtækja með starfsemi í Grindavík

Mikilvægt er að leita leiða til að fjölga þeim fyrirtækjum sem sjá tækifæri í að koma af stað rekstri í Grindavík, þótt það kunní í mörgum tilvikum að gerast í áföngum. Með fjölgun þeirra sem stunda útgerð og fiskvinnslu eykst þörf á þjónustu af ýmsu tagi.

Án tímamarka

Samstarfsaðili: Samráðshópur fyrirtækja í Grindavík

Ábyrgð Atvinnuteymi

Í vinnslu

10. Ferðaþjónusta

Grindavík og þær jarðhræringar og jarðeldar sem þar eru kalla á áhuga ferðamanna. Reynsla er af því í ferðaþjónustu hér á landi að sýna ferðamönnum áfangastaði þar sem náttúrófl eru að verki með margvíslegum hætti. Hugsanlega má leita leiða til að auka við umferð ferðamanna með varfænum skrefum og koma þannig fyrirtækjum í ferðaþjónustu í einhverja starfsemi.

Tímarammi 31. ágúst 2024

Ferðaþjónustufyrirtæki í Grindavík, Lögreglan á Suðurnesjum, Ferðamálastofa, Markaðsstofa Reykjaness.

Ábyrgð: SBS, ESJ

Staða: Í vinnslu